

Álitamál og árekstrar

- Þurfum að mynda okkur skoðun á e-u daglega, t.d.:
 - Bíómynd
 - Matnum í mötuneytinu
 - Hruni íslensks efnahagslífs
 - Stjórn málaástandinu í Sýrlandi
- Skoðanamyndun er miserfið:
 - Umdeilt efni
 - Erfitt að standa með sannfæringu sinni
 - Erfitt að fara gegn almenningsálitinu

Álitamál og árekstrar

- Skoðun okkar byggjum við á:
 - Rökum
 - Tilfinningum
 - Almenningsálitinu: Fylgjum straumnum
- Allir lenda e-rn tímann í árekstrum í samskiptum, t.d. við:
 - Vini – Foreldra
 - Yfirmenn – Starfsmenn stofnana, t.d. skóla

Álitamál og árekstrar

- Skoðun byggð á rökum er líklegri til að fá hljómgrunn.
- Skoðanatjáning þarf að vera skýr, skipuleg og einföld.
- Þegar maður segir skoðun sína, hvort sem er í ræðu eða riti, þarf að velja málsnið við hæfi:
 - Formlegt
 - Óformlegt

Málsnið

- **Formlegt**
- Ópersónulegt
- Hátíðlegra / formlegra orðalag
- Oftar hlutlægt
- **Óformlegt**
- Persónulegt
- Sérkenni í tali og hugsun njóta sín
- Oftar huglægt

Hlutlægni vs. huglægni

- **Hlutlægni**

- Staðreyndir
- Hlutlaust orðalag
- Fræðitextar, kennslubækur, skýrslur

- **Huglægni**

- Skoðanir, tilfinningar, dómar
- Gildishlaðið orðalag
- Skáldsögur, ævisögur

Rökfærsluritgerðir

- Í rökfærsluritgerðum:
 - Er leitast við að sannfæra aðra um að tiltekin skoðun sé réttari en önnur.
 - Er reynt að draga fram sem flestar hliðar á málinu.
 - Ber að forðast huglægt og gildishlaðið orðalag.
 - Er veigaminni rökum teflt fram fyrst
 - Fer vel á því að nýta heimildir við rökstuðning, ekki gerð krafa um það að þessu sinni .

Röksemdafærsla

Rök með:

- Hægt er að halda því fram ...
- Því til stuðnings ...
- Einnig má benda á ...
- Þá má nefna að ...
- Að auki má nefna að ...

Mótrök

- Sumir álíta aftur á móti ...
- Að vísu má segja ...
- Því hefur verið haldið fram ...
- Þó að ...
- Hægt er að fallast á að ...